



Trú • Fjölskylda • Líkn

## Ef við efumst ekki

*Lærið efnið og ræðið það við systurnar sem þið heimsækið, eins og við á Nýtið spurningarnar ykkur til hjálpar við að styrkja systurnar og gera Líknarfélagið að virkum þætti í lífi ykkar.*

Í Mormónsbók lesum við um framúrskarandi unga menn, sem voru sérlega hugprúðir, kjarkmiklir og sterkir. „Já, þeir voru menn sannleika og árvekni, því að þeim hafði verið kennt að halda boðorð Guðs og ganga grandvarir frammi fyrir honum“ (Al 53:21). Þessir ungu menn virtu mæður sínar — fordæmi þeirra og kennslu.

Mæður stríðsmanna Helamans lifðu á tíma ekki svo ólíkum okkar. Aðstæður þeirra voru erfiðar og hættulegar og unga fólkið var beðið að koma stundlegu og andlegu frelsi til varnar. Við lifum nú í heimi þar sem „baráttan, sem vér eigum í, er ekki við menn af holdi og blóði, heldur við tignirnar og völdin, við heimsdrottna þessa myrkurs, við andaverur vonskunnar í himingimnum“ (Efe 6:12).

Erfiðir tímar krefjast sterkra foreldra og fordæma, sem kenna þann sannleika sem stríðsmenn Helamans þekktu: „Ef þeir efuðust ekki, mundi Guð varðveita þá“ (Al 56:47). Það krefst árvekni að kenna og lifa eftir þessum sannleika á okkar tíma. Við þurfum þó ekki að óttast. Þegar mæður vita hver við erum og hver Guð er, og við höfum gert sáttmála við hann, munum við — líkt og þessar mæður — hafa mikil áhrif til góðs.

Líklegast hafði hver hinna 2.060

stríðsmanna Helamans orðið fyrir áhrifum móður. En mæður þessar unnu verkið ekki einar. Mæður þessar hljóta að hafa sameinast öðrum réttlátum körlum og konum í trú og fordæmi til að kenna mátt sáttmálanna. Ungu fólkið á þessum tíma skildi sáttmálana sem foreldrar þess hafði gert um að taka ekki þátt í stríðsátökum. Og jafnvel þótt öll sund virtust lokuð, sá kærleiksríkur himneskur faðir þessum foreldrum fyrir leið til að halda sáttmála sína — og varðveita frelsi sitt (sjá Al 56:5–9). Við verðum á sama hátt að virða sáttmála okkar, svo að börn og unglingar — okkar eigin börn og þau sem eru í deildum okkar, greinum, nágrenni og samfélögum — skilji og styðji sáttmálsrækni.

Þegar við virðum sáttmála okkar, getur himneskur faðir séð okkur fyrir leið. Okkur ber að lifa algjörliga eftir sáttmálum okkar. Við getum til að mynda verið rækin við bænir okkar og ritningarnám, haft gild musterismedmæli, klætt okkur siðlega og haldið hvíldardaginn heilagan. Þegar við gerum það, munu börn okkar vita af því og geta sagt: „Við efum ekki, að mæður okkar vissu það“ (Al 56:48).

Síðari daga heilagra konur, sem er ljóst að styrkur þeirra á rætur í friðþægingu Drottins, leggja ekki árar í bát þegar á móti blæs og

erfiðleikar steðja að. Okkur ber, sem sáttmálsverðir, að skara fram úr í því að styðja, ala upp og vernda börn okkar og unglunga, svo við fáum dag einn sagt um þá kynslóð: „Aldrei hef ég séð þvilíkt hugrekki, nei, ekki meðal allra“ (Al 56:45).

*Julie B. Beck, aðalforseti Líknarfélagins.*

### Úr ritningunum

Alma 53; 56–58

#### **Hvað get ég gert?**

1. Hvernig get ég hjálpað systur mínum að skilja og láta reyna á getu þeirra til að hafa áhrif á hina upprennandi kynslóð?
2. Hvaða handleiðslu finn ég í Mormónsbók til að takast á við núverandi erfiðleika mína?

Frekari upplýsingar eru að finna á [www.reliefsociety.lds.org](http://www.reliefsociety.lds.org).